

Mál nr. 53/2006

M

og Vátryggingafélagið V h.f. v. Ábyrgðarliðar fasteignatryggingar D
og eigandi bifreiðarinnar A

Tjón á bifreiða þegar snjóhengja datt af þaki húss á bifreiðina þ. 19.1.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.16.3.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 117/06
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf V dags. 28.3.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M eigandi bifreiðarinnar A lagði henni í merkt bílastæði við hús sem stendur við Laugaveg í Reykjavík, hláka var umræddan dag og fell snjóhengja af þaki hússins á A og olli tjóni á henni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu húseigenda og bendir á að A hafi verið lagt í merkt bifreiðastæði og svipaður atburður hafi gerst fyrir um 10 árum og húseiganda hafi því átt að vera ljós hættan. Eigandi D segir að það sé um 15 ár síðan að snjóhengja hafi fallið niður af þaki hússins og eigandi A vinni í næsta nágrenni og leggi A alla virka daga þarna. V telur að eigendur hússins hafi ekki getað áttað sig á hættunni þarna um morguninn frekar en M og hættan hafi ekki verið meiri en almennt gerist í umhleyplingarsömu veðri. V heldur því fram að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi eiganda hússins þar sem engin hafi gert sér grein fyrir hættunni.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti í umrætt sinn að tryggingartaki D hafi bakað sér ábyrgð með því að gera ekki sérstakar ráðstafanir. Ekkert liggur fyrir í málinu sem réttlætir að sök verði lögð á tryggingartaka vegna tjóns M. Tjón M er því ekki bótaskyld úr ábyrgðarliðar fasteignatryggingar D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar D hjá V.

Reykjavík .11.4.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.